

Minnisblað

Til:
Frá: Kristján Svan Kristjánsson
Dags. 29. mars 2021
Mnr. 2020080018



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað – Engjavegur 7

Varðandi sólpall að Engjavegi 7

Gr.2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2020:

Í eftirfarandi grein um minniháttar framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi segir í lið e. **Framkvæmdir á lóð.** Allt eðlilegt viðhald lóðar, girðinga, bílastæða og innkeyrslu. Gerð palla og annar frágangur á eða við jarðvegsyfirborð, enda rísi pallur ekki hærra en 0,3 m frá því yfirborði sem fyrir var. Pallur úr brennanlegu efni má þó ekki vera nær lóðarmörkum aðliggjandi lóðar en 1,0 m.

Í lið f. **Skjólveggir og girðingar á lóð.** segir:

Skjólveggir og girðingar sem eru allt að 1,8 m að hæð og eru ekki nær lóðarmörkum en 1,8 m. Ennfremur girðingar eða skjólveggir sem eru nær lóðarmörkum en 1,8 m og eru ekki hærri en sem nemur fjarlægðinni að lóðarmörkum. [Einnig allt að 2,0 m langir og 2,5 m háir skjólveggir sem eru áfastir við hús og í a.m.k. 1,8 m fjarlægð frá lóðarmörkum.]2)

Lóðarhöfum samliggjandi lóða er heimilt án byggingarleyfis að reisa girðingu eða skjólvegg allt að 1,8 m að hæð á lóðarmörkum, enda leggi þeir fram hjá leyfisveitanda undirritað samkomulag þeirra um framkvæmdina. Hámarkshæð girðingar/skjólveggjar í [2.-4. másl.]2) miðast við jarðvegshæð við girðingu/vegg eða jarðvegshæð lóðar á lóðarmörkum ef hæð jarðvegs þar er meiri en jarðvegshæð á lóð við vegginn.

Ljóst þykir að útfrá athugasemdum sem bárust við grenndarkynningu frá eigendum Engjavegar 9. að ekki ríkir sátt vegna framkvæmdar við sólpall að Engjavegi 7.

Eftir samtali við þinglýsta eigendur Engjavegar 7. þau Halldór Karl Valsson kt: 030382-4049 og Sólveigu Erlingsdóttur kt: 170284-3059 ganga þau útfrá því að áformum um byggingu sólpalls skuli breytt og skuli sólpallurinn alfarið reistur með tilliti til gildandi byggingarreglugerðar.

Kristján Svan Kristjánsson



Halldór Karl Valsson

Þinglýstur eigandi Engjavegar 7